

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá hreppsnefndar Kjalarneshrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. febrúar 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUR

um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innanlands.

Gildissvið.

1. gr.

Þurfi sjúklingur að takast ferð á hendur til meðferðar eða óhjákvæmilegs eftirlits hjá lækni, tannlækni eða í sjúkrahúsi (með eða án innlagningar) eða til þess að njóta óhjákvæmilegrar meðferðar samkvæmt tilvísun læknis hjá heilbrigðisstéttum, sem sjúkratryggingar hafa samið við, taka sjúkratryggingar þátt í ferðakostnaði samkvæmt reglum þessum, enda sé um að ræða eftirtalda alvarlega sjúkdóma og meðferð þeirra: Illkynja sjúkdóma, nýrnabilun, alvarlega augnsjúkdóma, brýnar lýtalækningar, bæklunarlækningar barna og tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna. Ennfremur er heimilt að endurgreiða vegna annarra sambærilegra sjúkdóma.

Læknisfræðilegur úrskurður.

2. gr.

Til þess að úrskurða hvort sjúklingur eigi rétt á endurgreiðslu samkvæmt reglum þessum skal hann útvega skýrslu frá þeim lækni sem veitir meðferðina eða frá tilvísandi lækni og meðferðaraðila, sé um aðra meðferð að ræða en læknismeðferð, sbr. 1. gr. Í skýrslunni skal gerð grein fyrir sjúkdómum og nauðsynlegri meðferð, hversu oft sjúklingurinn þurfi að koma. Skýrsluna skal senda Tryggingastofnun ríkisins, tryggingayfirlækni, til úrskurðar. Tryggingastofnun sendir sjúklingi úrskurðinn og sendir jafnframt viðkomandi tryggingaumboði afrit. Tryggingaumboðið annast síðan greiðslur til sjúklings þaðan í frá í samræmi við reglur þessar.

Endurgreiðsla sjúkratrygginga.

3. gr.

Sjúkratryggingar endurgreiða að hluta ferðakostnað ef um er að ræða a.m.k. 15 km vegalengd milli staða. Sjúklingur skal framvísa í tryggingaumboði sínu vottorði til staðfestingar á hverri komu, útgefnu af þeim sem meðferð veitir. Sjúkratryggingar endurgreiða $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar af raunverulegu fargjaldi með venjulegri áætlunarferð eða af reiknuðu fargjaldi með áætlunarbifreið á hverjum tíma ef eiginn bíll er notaður. Greiðsluhluti sjúklings skal þó aldrei verða hærri en 1 000 kr. í hverri ferð. Ef ætla má að raunverulegur kostnaður sé lægri en áætlunarfargjald, skal miða við hann. Sjúkratryggingar endurgreiða $\frac{1}{3}$ hluta kostnaðar vegna leigubíla milli aðseturs sjúklings og meðferðarstaðar samkvæmt framlögðum skýrum kvittunum þótt vegalengd sé skemmri en 15 km, enda sé sjúklingur ekki fær um að ferðast með áætlunarbíl eða strætisvagni. Í slíkum tilvikum er greiðsluhluti sjúklings ætíð $\frac{1}{3}$ af heildarkostnaði.

Sérstakt fargjald fylgdarmanns endurgreiða sjúkratryggingar samkvæmt sömu reglum og getið er í 1. mgr. þessarar greinar, ef sjúklingurinn er 16 ára eða yngri eða ef hann er ósjálfbjarga. Þetta á þó einungis við um áætlunarferðir.

Sjúkratryggingar endurgreiða með sömu skilyrðum og getið er í 1. mgr. þessarar greinar nauðsynlegar ferðir foreldris eða nánasta aðstandanda til að vitja sjúklings 16 ára og yngri. Endurgreiðsla slíkra ferða takmarkast við eina vitjun í viku til sjúklings.

Sérákvæði um tannréttingar.

4. gr.

Pegar um er að ræða ferðir sjúklinga til tannréttinga, sem hvorki geta talist vera vegna meiri háttar galla eða alvarlegs tilefnis, sbr. 1. gr., taka sjúkratryggingar þó þátt í ferðakostnaði samkvæmt reglum þessum, með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) Sjúkratryggingar endurgreiða 50% af ferðakostnaði sjúklings skv. 1. mgr. 2. gr. og sjúklingur ber 50% án sérstaks hámarks.
- 2) Endurgreiðsla á sérstöku fargjaldi fylgdarmanns skv. 2. mgr. 2. gr. miðast við að sjúklingurinn sé 12 ára eða yngri.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem samdar eru af tryggingaráði, á grundvelli staflíðs j í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. 15. gr. laga nr. 87/1989, staðfestast hér með, sbr. og 3. mgr. 43. gr. laga nr. 67/1971, sbr. 15. gr. laga nr. 87/1989, og öðlast gildi 1. mars 1991. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 70 frá 1. mars 1982 um ferðakostnað sjúklinga innanlands.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. febrúar 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 75

AUGLÝSING

21. febrúar 1991

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis er taki gildi 1. mars 1991:

Gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis, nr. 124, 14. mars 1990, með síðari breytingum:

Taxti C.2. Daghitun rofin:	Grunnverð	VSK
Orkugjald verði	2,25 kr/kWh	2,80 kr/kWh
Fastagjald verði óbreytt.		

Taxti D.2. Garðyrkjunotkun:	Grunnverð	VSK
Orkugjald verði	2,53 kr/kWh	3,15 kr/kWh
Fastagjald verði óbreytt.		

Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

Iðnaðarráðuneytið, 21. febrúar 1991.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.